

26.11.2008

Hvers vegna bankaleynd?

Á Íslandi gilda reglur um bankaleynd hliðstæðar þeim sem er að finna í helstu nágrannalöndum okkar. Fjármál bæði heimila og fyrirtækja eru viðkvæm og því nauðsynlegt að algjört traust ríki á milli fjármálafyrirtækja og viðskiptavina þeirra. Það tekur áratugi að byggja upp traust og tiltrú á lagaumgjörð. Það traust og þá tiltrú höfum við haft á Íslandi. Nú þegar við stöndum frammi fyrir að horfa að baki stórum hluta af bankakerfi okkar, megum við síst við því að horfa að baki tiltrú á lagaumgjörðina.

Í leiðara Morgunblaðsins 24. nóvember segir: „Almenningur á skýlausan rétt á að fá að vita hvað gerðist í aðdraganda bankahrunsins. Þar verður ekki hægt að bera við neinni bankaleynd.“ Ég tek að sjálfsögðu undir það að rannsókn á aðdraganda bankahrunsins sé nauðsyn. Nú þegar eru skilanevndir að störfum og í kjölfarið er þess að vænta að skiptaráðendur taki til starfa. Þá hefur dómsmálaráðherra lýst því yfir að sérstök nefnd sérfræðinga muni rannsaka aðdraganda hrunsins.

Ef það vakna grunsemdir um lögbrot við rannsókn þessa aðila þá er engin fyrirstaða fyrir rannsóknaraðila að fá aflétt bankaleynd til frekari rannsóknna, enda er bankaleynd til að verja hagsmuni almennings en ekki skálkaskjól fyrir lögbrot. Þar að auki hefur dómsmálaráðherra boðað sérstök lög sem eiga að auðvelda starfsmönnum þessara fyrirtækja að láta rannsóknaraðila vita um lögbrot hafi þeir orðið þeirra áskynja í starfi sínu.

Þetta er hið eðlilega ferli í öllum þeim ríkjum sem við berum okkur saman við. Morgunblaðið segir í leiðara sínum: „Fjölmíðlar geta að sjálfsögðu ekki tekið að sér að rannsaka þessi mál með jafnýtarlegum hætti og yfirvöld munu gera.“ Þetta er auðvitað rétt en þar með er ekki öll sagan sögð. Fjölmíðlar geta heldur ekki boðið jafn réttláta málsmeðferð þeirra sem grunaðir eru um brot og réttarkerfið á að tryggja. Þannig er alltaf hætta á að upplýsingar sem rata á borð ritstjórna séu úr samhengi og gerðar óþarflega tortryggilegar. Hvorki almenningur né fyrirtæki eiga að þurfa að þola það að fjallað sé um lögleg viðskipti sín fyrir opnum tjöldum. Og það er erfitt fyrir ritstjórnir að verjast því að viðkvæmum upplýsingum um einstaklinga sé dreift á þær í þeim tilgangi að koma á þá höggi.

Það er ákaflega mikilvægt að ekki sé gert lítið úr bankaleynd. Það grefur undan trúverðugleika fjármálakerfisins til framtíðar. Afnáam bankaleyndar gæti líka haft í för með sér varanlegan fjármagnsflóttu því ef almenningur og fyrirtæki geta ekki treyst því að jafn sjálfsögð réttindi og bankaleynd séu virt að lögum þá mun fjármagn streyma úr landinu um leið og tækifæri gefst.

Dómsmálaráðherra hefur fullvissað okkur um að bankahrunið verði rannsakað. Öll gögn og allar færslur eru í þrotabúunum og engin hætta á að þau spillist. Afnáam bankaleyndar breytir engu fyrir þá rannsókn.

Þrátt fyrir bankahrunið eigum ekki að hlaupa til og bylta öllum hefðbundnum réttarreglum. Við eigum að treysta rannsóknaraðilum til að sinna vinnu sinni og einbeita okkur að því að byggja upp nýtt fjármálakerfi sem hvílir á trausti og hefðbundnu Vestrænu réttarfari.

Guðjón Rúnarsson
framkvæmdastjóri Samtaka fjármálafyrirtækja